

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2023, mánudaginn 25. september kl. 13:00 var haldinn 341. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir og Unnur Líndal, áheyrnarfulltrúi starfsfólks. Valgarður, Þórður og Unnur tóku þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tók Sævar Freyr Þráinsson forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Petta gerðist:

1. Fundargerðir SF 339 og SF 340 lagðar fram og samþykktar. Fundargerðirnar verða sendar til rafrænnar undirritunar stjórnar.
2. Klukkan 13:05 mætti Benedikt Kjartan Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála til fundarins ásamt Brynju Kolbrúnu Pétursdóttur og Örnú Vigdísu Jónsdóttur, fjármálaleiðtoga OR. Benedikt lagði fram og kynnti forsendur og fjárhagsspá samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2024 og langtímaspá árunna 2024-2028. Umræður.

Klukkan 13:20 mætti Sólrún Kristjánsdóttir, framkvæmdastýra Veitna til fundarins ásamt Þorgeiri Hafsteini Jónssyni, fjármálaleiðtoga Veitna og kynnti fjárhagsspá félagsins. Sólrún og Þorgeir yfirlögðu fundinn kl. 13:52.

Klukkan 13:52 mætti Einar Ólafsson, fjármálaleiðtogi Orku náttúrunnar, á fundinn og kynnti fjárhagsspá félagsins og ON Power. Einar yfirlögðu fundinn kl. 14:25.

Klukkan 14:25 mætti Einar Þórarinsson, framkvæmdastjóri Ljósleiðarans til fundarins ásamt Höllu Björgu Haraldsdóttur, fjármálaleiðtoga Ljósleiðarans og kynnti fjárhagsspá félagsins. Einar og Halla yfirlögðu fundinn kl. 14:55.

Klukkan 14:55 mætti Edda Sif Aradóttir, framkvæmdastýra Carbfíx hf. til fundarins ásamt Erling Tómassyni, fjármálaleiðtoga Carbfíx hf. og kynnti fjárhagsspá félagsins og Coda Terminal. Edda Sif og Erling yfirlögðu fundinn kl. 15:15.

Benedikt kynnti fjárhagsspá móðurfélags og samstæðu OR.

Samþykkt að fresta afgreiðslu fjárhagsspár til aukafundar, sem haldinn verður kl. 15:30 þann 2. október nk.

Áhættuskýrsla, dags. 15. september 2023, lögð fram.

Skýrsla um rekstraráhættur, dags. 23. september 2023 lögð fram.

Benedikt og Brynja Kolbrún yfirlögðu fundinn kl. 15:50.

3. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfunda, dags. 25. september 2023. Umræður.
 - Forstjóri lagði fram tillögu og minnisblað stjórnar Orku náttúnnar vegna stækkunar varmastöðvar á Hellisheiði. Óskaði eftir umboði stjórnar til að samþykkja stækkun varmastöðvar á hluthafafundi. Umboðið samþykkt samhljóða.

4. Klukkan 16:00 mætti Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastýra Mannauðs og menningar til fundarins ásamt Ásu Björk Jónsdóttur. Þær og Arna Vigdís gerðu grein fyrir þróun fjölda starfsfólks og launakostnaðar í samræmi við beiðni stjórnar frá fundi 28. ágúst sl. Umræður.
5. Klukkan 16:15 mætti Eiríkur Hjálmarsson, sjálfbærnistjóri til fundarins og tók þátt í gegnum fjarfundarbúnað. Eiríkur greindi frá vinnu að niðurlagningaráætlun Elliðaárstöðvar, deilisskipulagi Elliðaárdals, o.fl. Umræður.

Skúli Þór Helgason yfirgaf fundinn kl 16:25.

6. Lagt fram minnisblað um forðagæslu, dags. 20. september 2023.
7. Samþykkt að taka starfsreglur stjórnar til rýni og að ritari stjórnar leggi fram tillögur að breytingum.
8. Lagðar fram til upplýsingar, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

Minnisblað framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar ehf. dags. 20.09.2023

Fundargerð stjórnarfundar Orku náttúrunnar ehf. dags. 23.08.2023

Fundargerðir stjórnarfundar Carbfix hf. dags. 20.07, 03.08, 10.08 og 17.08.2023

Minnisblað framkvæmdastjórnar Veitna ehf. dags. 25.09.2023

Fundargerð stjórnarfundar Veitna ehf. dags. 28.08. 2023

Minnisblað framkvæmdastýru Ljósleiðarans ehf. dags. 20.09.2023

Fundargerðir stjórnarfundar Ljósleiðarans ehf. dags. 25.08, 30.08 og 15.09.2023

9. Lagt fram svar við fyrirspurn Skúla Þórs Helgasonar, dags. 25. september 2023.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 17:00

**Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 23. október 2023.
Aukafundur stjórnar vegna fjárhagsspár verður haldinn mánudaginn 2. október 2023.**

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir,
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2023, mánudaginn 28. ágúst kl. 13:00 var haldinn 339. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason og Sara Björg Sigurðardóttir, varamaður Skúla, að hluta, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Ragnheiður Björk Halldórsdóttir, varamaður fyrir Þórð Gunnarsson, sem var fjarverandi og Valgarður Lyngdal Jónsson. Guðveig Eyglóardóttir fulltrúi Borgarbyggðar var fjarverandi. Valgarður tók þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tók Sævar Freyr Þránínsson forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Petta gerðist:

1. Fundargerðir SF 337 og SF 338 lagðar fram og samþykktar. Fundargerðirnar verða sendar til rafrænnar undirritunar stjórnar.
2. Klukkan 13:05 mættu til fundarins Benedikt Kjartan Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála, Arna Vigdís Jónsdóttir, fjármálaleiðtogi Orkuveitu Reykjavíkur og Bryndís María Leifsdóttir, forstöðumaður reikningshalds, lögðu fram og kynntu hálfársuppgjör samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur. Umræður.

Davíð Arnar Einarsson, endurskoðandi frá Grant Thornton, mætti til fundarins og kynnti könnunarskýrslu vegna fyrstu 6 mánuða ársins 2023, dags. 28. ágúst 2023. Umræður.

Lárus Finnbogason, formaður endurskoðunarnefndar, mætti til fundarins og kynnti afgreiðslu endurskoðunarnefndar vegna hálfárs uppgjör samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2023.

Lagt fram bréf endurskoðunarnefndar, dags. 23. ágúst 2023, þar sem fram kemur að nefndin telji árshlutareikninginn tilbúinn til afgreiðslu í stjórn félagsins.

Uppgjörið borið upp og samþykkt samhljóða. Reikningurinn verður undirritaður rafrænt.

Framkvæmdastjóri fjármála lagði fram svohljóðandi tillögu, dags. 24. ágúst 2023 vegna hækkunar á lánasamningi við Carbflix. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) heimilar að OR hækki skammtímalánasamning við Carbflix hf. um allt að 800 m.kr, eða samtals 2.800 m.kr. vegna rekstrar og framkvæmda á síðari hluta ársins 2023 þar til hlutafjárútkning félagsins gengur eftir. Framangreind heimild nær einnig til undirritunar allra skjala og gagna sem heimildin nær til.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Áhættuskýrsla lögð fram til kynningar, dags. 18.08.2023.

3. Klukkan 14:00 mætti til fundarins, Dagmar I. Birgisdóttir, leiðtogi áhættustjórnunar og lagði fram svohljóðandi tillögu, dags. 28. ágúst 2023 að nýrri aðferð við áhættumat samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að notað verði 5x5 áhættufylki við áhættumat hjá samstæðu OR og að gerðar verði breytingar á áhættuskýrslum til samræmis.

Tillagan samþykkt samhljóða.

4. Klukkan 14:15 mættu fulltrúar Arion banka, þau Þórður Ólafur Þórðarson, Helga Lára Hauksdóttir og Þorsteinn Helgi Valsson til fundarins.

Eftirfarandi gögn liggja fyrir fundinum: Yfirlit verkþátta frá Arion banka, yfirlit matsþátta við val á fjárfestum, mörk umboðs stjórnar til forstjóra við val á fjárfestum.

Einnig lagt fram minnisblað, dags. 23. ágúst 2023 sem er svar við fyrirspurn Skúla Helgasonar, stjórnarmanns sem barst í tölvupósti 22. ágúst sl.

Lögð fram svohljóðandi tillaga forstjóra, dags. 28. ágúst 2023 um að stjórn samþykki að fela honum að hefja hlutafjárúkningu Ljósleiðarans. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir fyrir sitt leyti að fela forstjóra að hefja hlutafjárúkningu Ljósleiðarans á grundvelli þeirra forsendna og gagna, sem nú liggja fyrir stjórn og fyrri bókana stjórnar og ákvarðana eigenda OR. Endanleg afstaða til tilboða verður tekin að loknum samanburði þeirra.

Jafnframt veitir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur forstjóra félagsins umboð til að taka ákvörðun um hlutafjárúkningu á hluthafafundi í samræmi við ákvörðun eigenda OR þar um og samþykkir að falla frá forgangsrétti sínum að hinum nýju hlutum.

Afgreiðslu tillögunnar frestað til aukafundar stjórnar þann 15. september nk.

Stjórn óskar bókað:

Stjórn þakkar fyrir útarleg svör við fyrirspurnum um hvernig verði unnið með greiningu á hagsmunaaðrekstrum í komandi ferli, samanburð á opnu og lokuðu útboði og stefnumarkmið stjórnar um dreift eignarhald í komandi hlutafjárúkningu. Óskað er eftir nánari útfærslu á því fyrir næsta fund með hvaða hætti verði stuðlað að dreifðu eignarhaldi í komandi ferli og hvernig það verður skilgreint.

Samþykkt að fresta birtingu fundargerða SF 336, 337, 338 og 339 þar til ákvörðun liggur fyrir.

5. Klukkan 15:30 mætti til fundarins Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisgyðja og greindi frá stefnuverkefninu „Til fyrirmyndar í umhverfismálum. Loftslagsmál. Orkuskipti og aðrar aðgerðir í átt að kolefnishlutleysi.“ Umræður. Samþykkt að binda slaufu á verkefnið í núverandi mynd, en áhersla lögð á að halda áfram því metnaðarfulla starfi að loftslags- og sjálfbærnimálefnum, sem unnið hefur verið að innan samstæðu OR. Stjórn mun marka stefnu.
6. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 24. ágúst 2023 og minnisblað um forðagæslu, dags. 23. ágúst 2023.
7. Lögð fram svohljóðandi tillaga, dags. 28. ágúst 2023 um kaup á landi í Helgadal, Mosfellsbæ. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir kaup á lóðum í kringum borholur MG-35 og MG-39 í Helgadal, Mosfellsbæ. Nánar tiltekið 2500m² úr landi með landnúmer 231752 fyrir borholu MG-39, og 1250m² úr landi með landnúmer 231750 og 1250m² úr landi 231751 fyrir borholu MG-35.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Klukkan 16:00 mætti Sara Björg Sigurðardóttir til fundarins og Skúli Þór Helgason yfirgaf fundinn.

8. Lagðar fram til upplýsingar, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

Minnisblað framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar ohf. dags. 23.08.2023

Fundargerð stjórnarfundar Orku náttúrunnar ohf. dags. 21.06.2023

Fundargerðir stjórnarfundar Carbfix hf. dags. 22.06,05.07 og 13.07.2023

Minnisblað framkvæmdastýru Carbfix hf. dags. 14.08.2023

Minnisblað framkvæmdastjórnar Veitna ohf. dags. 8.06.2023

Fundargerð stjórnarfundar Veitna ohf. dags. 28.08.2023

Minnisblað framkvæmdastýru Ljósleiðarans ehf. dags. 23.08.2023

Fundargerðir stjórnarfundar Ljósleiðarans ehf. dags. 23.06, 28.06, 29.06 og 30.06.2023

9. Lagt fram til upplýsingar minnisblað framkvæmdastýru Ljósleiðarans, dags. 23. ágúst 2023 um kvörtun Mílu til Fjarskiptastofu vegna Ljósleiðarans og nýtt vöruframboð Mílu. Umræður.
10. Forstjóri greindi frá framgangi á vinnu við heildarstefnumótun Orkuveitu Reykjavíkur og lagði fram minnisblað til upplýsingar, dags. 22. ágúst 2023. Umræður.
11. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfunda, dags. 24. ágúst 2023. Umræður.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:40.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 25. september 2023.

Aukafundur verður haldinn þann 15. september 2023.

Gylfi Magnússon,

Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir,
Ragnheiður Björk Halldórsdóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson, Sara Björg Sigurðardóttir.

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2023, föstudaginn 15. september kl. 15:00 var haldinn 340. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Hvammsvík í Hvalfirði.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Páll Gestsson í fjarveru Völu Valtýsdóttur, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson og Guðveig Eyglóardóttir. Páll tók þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tók Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Umfjöllun um hlutafjárukningu Carbfix hf. Vegna trúnaðar um yfirstandi viðræður er birtingu fundargerðar um málið frestað þar til viðræðum lýkur.
2. Lögð fram að nýju tillaga forstjóra frá stjórnarfundum, dags. 28. ágúst 2023 um að stjórn samþykki að fela honum að hefja hlutafjárukningu Ljósleiðarans. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir fyrir sitt leyti að fela forstjóra að hefja hlutafjárukningu Ljósleiðarans á grundvelli þeirra forsendna og gagna, sem nú liggja fyrir stjórn og fyrri bókana stjórnar og ákvarðana eigenda OR. Endanleg afstaða til tilboða verður tekin að loknum samanburði þeirra.

Jafnframt veitir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur forstjóra félagsins umboð til að taka ákvörðun um hlutafjárukningu á hluthafafundi í samræmi við ákvörðun eigenda OR þar um og samþykkir að falla frá forgangsrétti sínum að hinum nýju hlutum.

Tillagan borin upp og samþykkt með atkvæðum Gylfa Magnússonar, Skúla Þórs Helgasonar, Páls Gestssonar og Valgarðs Lyngdal Jónssonar sem óska bókað:

Við leggjum áherslu á að mikil og vönduð vinna hefur farið í að greina mismunandi kosti varðandi útfærslu á aðferðafræði við aukningu hlutafjár í Ljósleiðaranum. Sú vinna hefur rennt stöðum undir þá niðurstöðu að upphafleg tillaga stjórnar um útboð til fjárfestinga sé líklegust til að skila þeim árangri sem að er stefnt, þ.e. að hámarka það verð sem fæst fyrir hina nýju hluti, laða að langtímafjárfesta sem þjóna almannahagsmunum og jafnframt höfða til fjárfesta sem hafa reynslu og þekkingu á sviði fjarskiptamála, sem nýst getur Ljósleiðaranum farsællega. Greining Arion banka leiðir í ljós að í útboðum á minnihluta eign í sambærilegum félögum erlendis hefur þessari aðferðafræði verið beitt með góðum árangri. Þá liggur fyrir útarlegt regluverk til að lágmarka áhættu á hagsmunaárekstrum og sömuleiðis aðferðafræði til að stuðla að dreifðu eignarhaldi með það að markmiði að draga úr áhættusækni og líkum á að sjónarmið einstakra hluthafa verði of ráðandi við stefnumótun og ákvarðanatöku.

Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir greiðir atkvæði gegn tillögunni og óskar bókað:

Undirrituð ítrekar tíðrædda skoðun sína að lang heillavænlegast sé að fara í opið útboð. Þá skoðun hefur undirrituð farið með fyrir meðstjórnarmenn sína eins og bæn á hverjum stjórnarfundum til þessa en því miður ekki fengið henni framgengt. Svona óbænheyrð neyðist undirrituð til að halda vegferð sinni einsömum áfram en hefur æ sterkari skoðun á málinu með hverjum fundum þar sem sífellt fleiri gögn eru lögð fram sem renna stöðum undir málflutning undirritaðarar.

Nú er orðið auðséð að hið fjárhagslega forskot sem menn gátu sér til um að lokað útboð eigi að hafa umfram opið útboð er ekkert. Ætla má að væntanlegir kaupendur séu ekki síður kröfuharðir en almenningur sem mun endurspeglast í því verði sem fæst fyrir hvern hlut. Reynt hefur verið að fegra fjárfestingarkostinn með því að gefa eftir af þeim skilyrðum sem þóttu upphaflega mikilvægur þáttur til réttlætningar á umræddri útboðsaðferð. Vænlegra hefði verið að skipta um stefnu og fara í opið útboð og undirrituð myndi kjósa með slíkri stefnubreytingu sem er sannarlega í þágu gagnsæis, jafnræðis og dreifðs eignarhalds og skilar væntanlega ekki síðra söluverði í krafti stærri kaupendahóps. Ekki síst hefði það áhrif á söluverðið ef með fylgdi að til stæði að selja enn stærri hlut síðar. Það besta sem gæti gerst fyrir fyrirtækið og fjarskiptamarkaðinn er að fá inn öfluga aðila sem eru tilbúnir til að leiða það inn í framtíðina og draga í skrefum úr eignarhlut Orkuveitunnar. Það virkar meira spennandi en að fljóta með sem áhrifalítill meðeigandi Orkuveitunnar í fyrirtækinu væntanlega með lítinn seljanleika á eignarhlutnum. Einn stærsti lífeyrisjóður landsins hefur til að mynda það að reglu að fjárfesta ekki í hlutafélögum þegar einn aðili á meirihluta hlutafjár. Þá ber að geta að undirrituð hefur oftsinnis bent á að þegar jafn lítill hlutur er til sölu og nú á það ekki við að tala um hugsanlegar áhrifafjárfestingar (strategískar) væntanlegra kaupenda heldur er fyrst og fremst verið að leita eftir aðilum sem eru tilbúnir að vera óvirkir eigendur með þann tilgang að bæta eignasöfn sín. Einnig hefur undirrituð tjáð þá skoðun sína að fráleitt sé að líta á eignarhald takmarkaðs fjölda lífeyrissjóða sem dreift eignarhald þrátt fyrir fjölda sjóðsfélaga. Slíkt er a.m.k. nýjar fréttir fyrir samkeppnisyfirlönd. Þá er vert að benda á augljósar móralskar ástæður þess að fara frekar í opið útboð en lokað þegar sýslað er með almenningseign þar sem handvelja á þá aðila sem hlotnast það tilboð að gerast meðeigandi Orkuveitunnar í Ljósleiðaranum ehf. Undirrituð hefur einnig gert grein fyrir þeirri skoðun sinni að telja það annmarka á tillögunni að eigendum fyrirtækisins sé ókleift að taka formlega afstöðu til væntanlegs söluverðs hlutabréfanna.

Til að gæta allrar sanngirni hefur undirrituð skilning fyrir því að samstjórnarmenn hennar beri fyrir sig þeirri alsíða brjóstvörn að vera að fylgja þeirri stefnu sem ráðgjafar stjórnarinnar voru ráðnir til að framkvæma fyrir tæpu ári í góðri trú. Undirrituð hefur tjáð samstjórnarmönnum sínum að hún telji fyrirbærið “vegatryggð” hrjá meirihluta stjórnarinnar og hvatt stjórnarmenn til að hrista hana af sér.

Að lokum er rétt að nefna þá grundvallarsýn undirritaðrar á Ljósleiðaranum, hann verði sjálfstætt fyrirtæki með breiðu eignarhaldi án þátttöku Orkuveitunnar.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:30.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 25. september 2023.

Gylfi Magnússon,
Páll Gestsson, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir,
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.



Endurheimt náttúrugæða í Elliðaárdal

– Niðurlagningaráætlun Elliðaárvirkjunar

Framkvæmdir við Árbæjarstíflu 1986
DV/Ljósm.s. Rvk

Eiríkur Hjálmarsson
sjálfbærnistjóri OR og verkefnisstjóri

Upprifjun og stöðuskýrsla á stjórnarfundum Orkuveitu Reykjavíkur
25. september 2023

Nokkur ártöl



Árbæjarstífla 1921 og 1933




1921	Rafstöðin við Elliðaár ræst
1933	Rafstöðin fullbyggð og sinnir allri raforkuþörf Reykjavíkur
1939	Samið við SVFR um veiðimál
1951	Skógrækt hefst í Árhólma
1960	Hætt að aka laxi upp fyrir Árbæjarstíflu – Rafstöðin aflar 3% raforkunotkunar í Reykjavík
1968	Elliðavatnsstífla rofnar og Árbæjarstífla rofin í miklum leysingum
1978	Núverandi aðrennslispípa lögð
1985- 1995	Árbæjarstífla endurbyggð og gagngerar endurbætur á búnaði
1998	Aðrennslispípa bilar – flóðbylgja – gert við
2012	Raforkumannvirki Rafstöðvarinnar við Elliðaár friðuð
2014	Aðrennslispípa bilar, úrskurðuð ónýt
2019	Grunnur lagður að <i>Elliðaárstöð</i> eftir samkeppni
2020	Síðasta árvissa tæming Árbæjarlóns
2021	Skýrsla stýrihóps Reykjavíkurborgar um Elliðaárdal
2022	Formlegt samstarf OR og Reykjavíkur um verkefnið
2023	Deiliskipulagsferli sett formlega af stað



Gufuborinn Dofri við Elliðaár 1968
Ljós: Þorgils Jónasson

Raforkuvinnsla í Elliðaám 1922-2020



79. grein Vatnalaga

Niðurlagning mannvirkis.

Niðurlagning mannvirkis samkvæmt þessum kafla, þ.m.t. stöðvun á viðhaldi, er háð samþykki Orkustofnunar. **Við niðurlagningu skal umhverfið fært eins og kostur er til fyrra horfs.** Eigandi mannvirkis skal leggja áætlun um niðurlagningu fyrir Orkustofnun til samþykktar þar sem m.a. skulu vera upplýsingar um hvernig verkið verði framkvæmt. Orkustofnun getur sett þau skilyrði fyrir leyfi sem eru nauðsynleg til að koma í veg fyrir hættu eða tjón fyrir einstaklinga og almenning.

Önnur lög

- Lög um menningarminjar
- Lög um stjórn vatnamála
- Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir
- Skipulagslög
- Mannvirkjalög
- Lög um náttúruvernd
- Raforkulög
- Lög um Hafrannsóknastofnun
- Lög um lax- og silungsveiði

Endurheimt náttúrugæða í Elliðaárdal

stofnað sem verkefni innan OR í september 2021

Vinna

- Leit að fyrirmyndum
- Vöktun umhverfisþátta
- Mótvægisaðgerðir á bökkum fyrrum Árbæjarlóns
- Áframhaldandi uppbygging *Elliðaárstöðvar*
- Greiningar Verkís á mannvirkjum, öryggi, kostnaði og sögu
- Niðurlagningaráætlun í smíðum og þéttist
- Formlegt samstarf við Reykjavíkurborg frá desember 2022. Í sameiginlegum stýrihópi eru:
 - Forstjóri OR, formaður
 - Sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagssviðs
 - Formaður íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts
 - Formaður íbúaráðs Breiðholts
 - Umhverfisstýra OR
 - Lögfræðingur OR



Lónbotn Árbæjarlóns haustið 2020 og haustið 2022

Endurheimt náttúrugæða í Elliðaárdal

stofnað sem verkefni innan OR í september 2021

Helstu gögn

Fyrirliggjandi

- Skipulagsskjöl
- Friðlýsingarskjöl
- Skýrsla stýrihóps Reykjavíkurborgar
 - Afstaða ýmissa hagsmunaaðila
- Skýrslur um fuglalíf
- Skýrslur um laxfiska
- Umsagnir í tilefni tæmingar lóns
- Minnisblað borgarlögmanns
- Minnisblað Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur
- Áhættuskýrsla Verkís - ástandsmat
- Niðurstaða ÁUA – málskot
- Bókun Umhverfis- og skipulagsráðs
- Skýrsla Verkís um valkosti vegna Árbæjarstíflu
- Skýrsla Verkís um byggingarsögu Árbæjarstíflu

Væntanleg

- Niðurlagningaráætlun OR vegna Elliðaárvirkjunar I
- Skipulagstillögur
- Samningur við Reykjavíkurborg
- Niðurlagningaráætlun OR vegna Elliðaárvirkjunar II

RAFMAGNISVEITA REYKJAVÍKUR

Reykjavík 6. maí 1929

Árbæjarstíflan

Stakkun

Tilboð lokað í að byggja stíflu sakséttar uppdrætti Valgeire Þjórssonar
gerðum 1928. Stíflann hegra megin við stöð P - P er búið að steypa, stöð
A - A sýnir þá og er því þessu verki óvirkkonandi.

Tilboð séu komin í skrifstofu Rafmagnsveitunnar fyrir 11. þ. m. kl. 6
e.h. og verða þau þá lesin þar upp að þeim þjóðendum viðstöddum sem þar
kunna að vera mottir.

*Verkesali skal hega vinnunni þannig í sjálfum
farvegnum að löganga í öllum þessum stöðum.*

Úr útboðslýsingu vegna byggingar Árbæjarstíflu 1929

Grundvallargögn



Lífríkisrannsóknir 2021-2023

Fiskur

- 2021 var besta klakár á öldinni og fyrsta klak í Árbæjarkvísl um langt árabil
- „Rannsóknarniðurstöður 2022 vitna um mikla velgengni laxins í Árbæjarkvísl í kjölfar þess að sá einkennisfiskur Elliðaáanna endurheimti gönguleið sína þar sem og hrygningar- og uppeldissvæði, í kjölfar þess að vatnsmiðlun fyrir tilstilli manngerðs Árbæjarlóns var aflögd.“

Fuglar

- Áhrif á vatnafuglalíf talin óveruleg samkvæmt skýrslum 2021 og 2022
- Mófuglum fjölgar í talningu Reykjavíkurborgar

Smádyr í ánum

- Stofnar smádyra í ánum eflast samkvæmt niðurstöðum Náttúrufræðistofu Kópavogs 2023

Elliðaárlaxinn heimsmeistari

• Laxveinin veldur vonbrigðum enn eitt sumarið • Hefur vafalaust áhrif á veiðileyfamarkaðinn • Vonir bundnar við að það fari að rigna fjötlegra og að stórsteymi vikunnar skili göngum í árnám

STANGVEIÐI
Héðan: Víkingur Þorvaldur



Það er stappað á Elliðaánum og ef þú ert á milli Elliðaánum, er þú á milli Elliðaánum. Það er stappað á Elliðaánum og ef þú ert á milli Elliðaánum, er þú á milli Elliðaánum. Það er stappað á Elliðaánum og ef þú ert á milli Elliðaánum, er þú á milli Elliðaánum.



Atfahæstu Elliðaánum hafa fjórir fiskar með langstígum í sumar og hafa búið og þurft þjálfun á milli Elliðaánum.

Atfahæstu Elliðaánum 3. ágúst 2023

Ísmá	110	130	140	148
Stórkjöngull	400	924	1.085	1.448
Göngull	157	160	160	160
Stórkjöngull	526	526	526	526
Stórkjöngull	515	515	515	515
Langi	429	429	429	429
Óstingur	200	200	200	200
Langi	375	375	375	375
Vikur	311	311	311	311
Langi	283	283	283	283
Langi	206	206	206	206
Langi	192	192	192	192



Laxfiskurinn hefur verið stórkjöngull í Elliðaánum og hefur verið stórkjöngull í Elliðaánum. Laxfiskurinn hefur verið stórkjöngull í Elliðaánum og hefur verið stórkjöngull í Elliðaánum.

VEST

EIKUND

visl 2021


i sept. 2022

Spurningin um Árbæjarstíflu



Mynd úr væntanlegri söguskýrslu Verkis

Valkostagreining Verkís 2022 um Árbæjarstíflu



Aðgerð	mkr.
Vistrennslisaðgerðir eru aðgerðir til að árnar renni greiðar um núverandi stíflu	30
Lagfæringar og viðhald næstu 50 ár með lítt breyttum mannvirkjum til að tryggja öryggi fólks, fénaðar og eigna af mannvirkinu	640
Fjarlægja stíflu og í því tilvikinu er verið að tala um öll tonninn af steypu sem í henni eru, lokubúnað og það allt	240
Með 35% ófyrirséðu en skekkjumörk eru engu að síður +70% og -35%. Verðlag í ársbyrjun 2022.	

Erindi OR til Umhverfis- og skipulagsráðs

- Nýta styrk deiliskipulagsferlis í fordæmafáú verkefni
 - OR ber ábyrgð á niðurlagningu
 - Reykjavíkurborg ber ábyrgð á skipulagi
- Fá helstu sérfræðinga um umhverfi, lífríki, mannlíf, sögu, lög, mannvirki og rekstur að sama borði
- Treysta samtali Reykjavíkurborgar og OR um skil á Elliðaárdalnum eftir aldarlöng afnot
- Nota formleg ferli um aðkomu almennings að skipulagi síns umhverfis
- Aðkoma almennings á Höfuðborgarsvæðinu

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar, Sjálfstæðisflokksins, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggja fram svohljóðandi bókun:


Ekki er gerð athugasemd við að umhverfis- og skipulagssvið hefji undirbúning á endurskoðun deiliskipulags Elliðaárdals samhliða gerð niðurlagningaráætlunar sem Orkuveitu Reykjavíkur ber að vinna. Mikilvægt er náin samvinna sé milli Orkuveitu og Reykjavíkurborgar við hvoru tveggja og leggja skal áherslu á samtali við hagaðila og vandaða upplýsingagjöf í ferlinu öllu.



Úr fyrstu skógræktarferð rafveitufólks 1951

Lýsing vegna deiliskipulags: Verndun Blásteinshólma

Gildandi deiliskipulag



Mikilvæg fuglasvæði



Breytingar á Árbæjarstíflu



Mynd úr væntanlegri söguskýrslu Verkis

Samtöl við hagsmunaaðila á árinu

30. janúar 2023	Vinnustofa starfsfólks USK, OR og borgarsögusafns
1. febrúar 2023	Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur
16. febrúar 2023	Minjastofnun I
30. mars 2023	Opinn fundur Íbúaráða Breiðholts og Árbæjar&Norðlingaholts
9. maí 2023	Orkustofnun
1. júní 2023	Stjórn SVFR og Árnefnd Elliðaáa
21. júní 2023	Umhverfisstofnun
22. ágúst 2023	Minjastofnun II
7. september 2023	Hollvinasamtök Elliðaárdalsins
21. september 2023	Fundur Rvk + Kóp + OR vegna vegagerðar við Elliðavatnsstíflu



Á næstu vikum og mánuðum


- Formleg erindi til Minjastofnunar Íslands (Húsafriðunarnefndar)
 1. Yfirlitsbréf
 2. Umsókn um breytingu á Árbæjarstíflu
 3. Umsókn um breytingu á aðfallspípu
 - Verið að vinna umbeðnar skissur af mannvirkjum eftir breytingar
- Auglýsing Reykjavíkurborgar á lýsingu á skipulagsáformum
 - Tækifæri fyrir almenning að koma sjónarmiðum að áður en nokkur tillaga liggur á borðinu
- Almennur kynningarfundur OR og Reykjavíkurborgar
- Niðurlagningaráætlun I til Orkustofnunar
 - Þegar niðurstaða Minjastofnunar Íslands liggur fyrir
 - Hugsanlega fyrst í drögum og endanleg þegar deiliskipulagsvinnu er lokið
 - Þegar fyrir liggur milli OR og Reykjavíkurborgar hver muni bera ábyrgð á hverju til framtíðar

Á meðal þátta í viðræðum OR og Reykjavíkurborgar



- Ábyrgð á mannvirkjum með hlutverk ótengd *Ellíðaárstöð*
 - Stífla og stokkur
- Frágangur eftir raforkuvinnslu skv. væntanlegu deiliskipulagi
- Skil vatnsréttinda
 - Orkuvinnsla
 - Veiðiréttur
- Afsal veiðitengdra mannvirkja
 - Veiðihús
 - Laxateljari og tengdur búnaður
 - Endurnýjun teljara- og rannsóknarmannvirkja nú í vetur (um 80 mkr.)

Aðgerðir vegna eldisfisks



- Samskipti síðustu daga
 - SVFR og Árnefnd
 - Landssamband veiðifélaga
 - Fiskistofu
 - Laxfiska, rannsóknafyrirtæki
 - ÍAV
- Settar niður grindur við eldri teljarastað
- Nánast allur náttúrulegur lax er talinn genginn í árnar
 - Eftirlit neðan grindanna


Reykjavíkurborg byggir nýjar brýr

Þar sem Reykjaæð Veitna lá



Við Grænugróf í Víðidal





Og niðurinn í vélum Rafstöðvarinnar er nú varðveittur í tónverki

Kom út hjá Deutsche
Grammophon
15. september 2023